

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Lisdexamfetamin (Elvanse Adult®)

ATC flokkur: N06BA12 – lisdexamfetamin

Dagsetning: 1. júní 2018

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.

og

- Meðferð með metýlfenídat lyfjum hefur reynst ófullnægjandi eða er ekki valkostur vegna frábendinga og/eða aukaverkana.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD (*Vinnulag við greiningu og meðferð athyglisbrests með ofvirkni (ADHD)*), stytt útgáfa leiðbeininga, júní 2014, http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23317/ADHD%20loka%20utgafa_2014.pdf

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglíngageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglínginga. Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. nákvæm sjúkrasaga sjúklings, rannsóknir, greiningartæki og hvernig eftirfylgd er háttað.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. örvandi lyfjum, svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum. Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf þarf að rökstyðja notkunina sérstaklega. Þegar einstaklingur hefur sögu um neyslu fíkniefna eða misnotkun lyfja/áfengis þarf sérstök rök fyrir þeirri notkun. Í ofangreindum tilfellum getur lyfjagæild Sí óskað eftir mati geðlækna ADHD teymis Landspítala og/eða að erindið sé sent embætti landlæknis.

Gildistími:

3 ár